

Alþingi
Erindi nr. P 135/467
komudagur 23.11.2007

Fjárlaganefnd Alþingis
Gunnar Svavarsson, formaður
Austurstræti 8-10a
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21 nóvember 2007
Tilvísun: FJR07010096/310-13 NB/ÓH

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fara þess á leit við Alþingi að við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga ársins 2008 verði gerðar þær breytingar á tekjum og fjárveitingum í A-hluta ríkissjóðs sem fram koma í meðfylgjandi yfirlitum. Fjármálaráðuneytið hefur haft umsjón með skráningu tillagna í fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis og eru þær þegar til reiðu þar fyrir umfjöllun nefndarinnar og fyrir myndun á þingskjölum breytingartillagna og nefndarálits.

Fjármálaráðuneytið hefur farið yfir erindi ráðuneyta vegna 2. umræðu frumvarpsins og lagt mat á þau með hliðsjón af því vinnulagi sem fylgt er vegna þeirra mála. Einnig hefur verið tekið tillit til nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar og breyttra forsendna fyrir útgjöldum. Þá hefur fjármálaráðuneytið endurmetið áætlanir um nokkra helstu tekjustofna ríkissjóðs árið 2008 í ljósi nýrra upplýsinga sem borist hafa um þróun þeirra það sem af er árinu s.s. um álagningu á fyrirtæki o.fl.

Miðað við þessar tillögur verða áhrifin á ríkisfjármálin eftirfarandi:

	Frumvarp	Tillögur	Eignasala	Fill. án sölu	Án sölu	Með sölu
Tekjur	461,2	12,3	4,0	8,3	469,4	473,4
Gjöld	430,4	3,7	2,7	1,0	431,4	434,1
Tekjuafkoma	30,8	8,6	1,3	7,3	38,1	39,4

Áætlað er að álagðar tekjur hækki um rúmlega 12 mia.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Hluti þeirra tekna, eða 4 mia.kr., á þó rætur að rekja til einskíptis tekjufærslu vegna sölusamninga um eignir á fyrrum varnasvæðinu við Keflavíkflugvöll. Sala á þeim eignum og umbreyting svæðisins fyrir borgaraleg not hefur gengið mun hraðar fram en reiknað var með í upphafi. Að þessu frátöldu eru horfur á að tekjur aukist um u.þ.b. 8,3 mia.kr. frá fyrri áætlun. Það endurmat byggir á lauslegri athugun á nýrri upplýsingum um tekjuþróunina á árinu og þarf að hafa fyrirvara á því að ekki er um að ræða nýjar þjóðhagsforsendur eða jafn ítarlega skoðun og útreikninga og fara fram við undirbúning frumvarps. Mestu hækkanirnar eru 1 mia.kr. í stimpilgjöldum, 1,5 mia.kr. í tekjuskatti lögaðila og 5 mia.kr. í virðisaukaskatti.

Á útgjaldahliðinni eru gerðar tillögur um breytingar sem alls nema um 3,7 mia.kr. Þar vegast á breytingar bæði til hækkunar og lækkunar. Í fyrsta lagi eru 2,7 mia.kr. óregluleg einskíptis útgjöld í tengslum við sölu eigna á varnasvæðinu en leggja þarf í ýmsan kostnað við lagfæringar og hreinsun til að koma þeim í söluhæfara ástand. Fyrir utan þetta er um að ræða um 4,7 mia.kr. í aukin framlög. Helstu hækkanirnar eru u.þ.b. 1 mia.kr. til að treysta rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana, 520 m.kr. til að byggja upp aðstöðu við flugvelli, 400 m.kr. til vegagerðar vegna Bakkafjöruhafnar, 440 m.kr. vegna Fæðingarorlofsjóðs og 200 m.kr. vegna breytinga á húsnæði í tengslum við breytta verkaskiptingu ráðuneyta. Á móti vegur að önnur útgjöld lækka um 3,7 mia.kr. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir frestun á 2,5 mia.kr. af framlögum til vegamála og 500 m.kr. af framlagi til byggingar nýs sjúkrahúss þar sem nú er talið að þær framkvæmdir gangi ekki jafn hratt fram og reiknað var með.

Að samanlögðu þýða þessar breytingar að afkoma ríkissjóðs batnar um 7,3 mia.kr. miðað við frumvarpið og verður hún þá um 38,1 mia.kr. Þegar áhrif af eignasögunni eru frátalin en 39,4 mia.kr. með henni. Með þessum breytingum eykst því aðhaldsstig ríkisfjármálanna nokkuð frá því sem stefnt var að áður, sem verður að telja afar æskilegt þar sem horfur eru á að hjöðnun spennu í hagkerfinu komi fram nokkru síðar en reiknað hafði verið með.

Hluti tillagna um breytingar á útgjaldahlið snýr að mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Á móti fellur niður fjárheimild á liðnum *09-993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla* og lækka fjárheimildir um 100 m.kr., nettó, vegna þessa. Til að einfalda kynningu og umfjöllun á breytingunum eru þessar tillögur sýndar aðgreindar frá öðrum í sérstöku yfirliti.

Einnig fylgir með sérstakt yfirlit um tillögur um breytingar í A-hluta frumvarpsins sem gerðar eru í tengslum við áform um breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í þessum breytingum felst að gert er ráð fyrir að heitum ýmissa liða frumvarpsins verði breytt. Breytingarnar á verkaskiptingunni hafa verið lagðar fyrir þingið í lagafrumvörpum og byggja tillögurnar á því að þau verði að lögum. Nánari greinargerð um þessar tillögur fylgir með því yfirliti.

Þá er í tengslum við þessar breytingar óskað eftir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði fluttur frá viðskiptaráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins í C-hluta frumvarpsins þannig að númer hans þar verði 51-101.

Gert er ráð fyrir að sjóðstreymi í 2. gr. stöðuskjals frumvarpsins eftir 2. umræðu verði breytt í samræmi við áhrif af þeim breytingum sem hér eru raktar, nái þær fram að ganga, að viðbættum þeim breytingum sem fjárlaganefnd leggur til.

F.h.r.

Ólafur Hjálmarsson / Nökkvi Bragason

Að samanlögðu þýða þessar breytingar að afkoma ríkissjóðs batnar um 7,3 mia.kr. miðað við frumvarpið og verður hún þá um 38,1 mia.kr. Þegar áhrif af eignasölunni eru frátalin en 39,4 mia.kr. með henni. Með þessum breytingum eykst því aðhaldsstig ríkisfjármálanna nokkuð frá því sem stefnt var að áður, sem verður að telja afar æskilegt þar sem horfur eru á að hjöðnun spennu í hagkerfinu komi fram nokkru síðar en reiknað hafði verið með.

Hluti tillagna um breytingar á útgjaldahlið snýr að mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Á móti fellur niður fjárheimild á liðnum 09-993 *Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla* og lækka fjárheimildir um 100 m.kr., nettó, vegna þessa. Til að einfalda kynningu og umfjöllun á breytingunum eru þessar tillögur sýndar aðgreindar frá öðrum í sérstöku yfirliti.

Einnig fylgir með sérstakt yfirlit um tillögur um breytingar í A-hluta frumvarpsins sem gerðar eru í tengslum við áform um breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í þessum breytingum felst að gert er ráð fyrir að heitum ýmissa liða frumvarpsins verði breytt. Breytingarnar á verkaskiptingunni hafa verið lagðar fyrir þingið í lagafrumvörpum og byggja tillögurnar á því að þau verði að lögum. Nánari greinargerð um þessar tillögur fylgir með því yfirliti.

Þá er í tengslum við þessar breytingar óskað eftir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði fluttur frá viðskiptaráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins í C-hluta frumvarpsins þannig að númer hans þar verði 51-101.

Gert er ráð fyrir að sjóðstreymi í 2. gr. stöðuskjals frumvarpsins eftir 2. umræðu verði breytt í samræmi við áhrif af þeim breytingum sem hér eru raktar, nái þær fram að ganga, að viðbættum þeim breytingum sem fjárlaganefnd leggur til.

F.h.r.

Ólafur Hjálmarsson / Nökkvi Bragason

